

Ed.

735. Frumvarp til laga

[389. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Annisius, Matthias Constantin, verkamaður á Húsavík, f. 3. desember 1951 í Austur-Pýskalandi.
2. Baranowski, Christine Margaret, verkakona í Keflavík, f. 18. janúar 1970 í Bandaríkjunum.
3. Ducusin, Lagrimas Soriano, húsmóðir á Akureyri, f. 21. júní 1951 á Filippseyjum.
4. Dhour, Abdelilah, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 10. apríl 1957 í Marokkó.
5. van Hulst, Carolina, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 13. desember 1953 í Hollandi.
6. MacFarlane, Mark Raymond, landslagsarkitekt í Reykjavík, f. 13. nóvember 1953 í Tyrklandi.
7. Millard, Elísabet Svana, ræstingarmaður í Reykjavík, f. 27. ágúst 1968 í Reykjavík.
8. Vavrickova, Stepanka, verslunarmaður í Kópavogi, f. 7. janúar 1955 í Tékkóslóvakíu.
9. Þór Saari, sölumaður á Seltjarnarnesi, f. 9. júní 1960 í Bandaríkjunum.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafrn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenninafrn. Honum skal þó heimilt, ef hann kys heldur, að breyta svo eiginnafrni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er síðara frumvarp til laga um veitingu ríkisborgararéttar, sem lagt er fram á yfirstandandi 110. löggjafarþingi. Fyrra frumvarpið, sem lagt var fram á síðastliðnu hausti, varð að lögum í desemberlok.

Umsóknir þær um ríkisborgararétt, sem teknar eru upp í frumvarp þetta, hafa borist eða komið úr umsögn eftir að lögin voru afgreidd í desember.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja skilyrðum, sem sett hafa verið af allsherjarnefndum beggja þingdeilda.